


Öll stærðfræði byggir á því að við getum lýst heiminum í kringum okkur. Við getum æft okkur í að lýsa heiminum sama hvort hvort við kunnum mikið eða lítið í stærðfræði. Aðalatriðið skilja hugtakið og hugmyndina að baki því.



Æfum talningu í hvert skipti sem færi gefst. Endurtökum og nýtum hlutbundið efni (eins og fingur). Heima, í búðinni og á göngu milli staða. T.d. upp og niður tröppur.

Lesum tölustafi við hvert tækifæri sem gefst. Úti í búð, á klukkunni.



Notum orð til að æfa röð aðgerða. Dæmi: Fyrst setjum við brauðið, svo smjör og að lokum ostinn.


Berum saman hluti úr daglegu lífi með því að nota stærðfræðihugtök. Til dæmis:

- Stærri / minni
- Eldri / yngri
- Lengri / styttri
- Sterkari / veikari
- Þyngri / léttari
- Breiðari / mjórri



Nýtum umhverfið til þess að lýsa því sem ber fyrir augum þegar við göngum um hverfið. Til dæmis:

- Fyrir framan / fyrir aftan
- Fyrir utan / fyrir innan
- Fyrir ofan / fyrir neðan
- Úti / inni
- Meðfram, framhjá
- Til hægri / til vinstri
- Áfram / aftur á bak
- Við hliðina á
- Undir / yfir



Samtöl á öllum tungumálum barnsins, eru öflug leið til þess að þjálfa hugtakaskilning

Öll stærðfræði byggir á því að við getum lýst heiminum í kringum okkur. Við getum æft okkur í að lýsa heiminum sama hvort hvort við kunnum mikið eða lítið í stærðfræði. Aðalatriðið skilja hugtakið og hvað liggur að baki því.




Notum hugtök úr rúmfræði í daglegu lífi.

Dæmi: Heiti tvívíðra og þrívíðra forma, þvermál, hliðar, ummál, horn, gráður, samsíða, samhverfa, o.fl.

Æfum orð um einingar í hvert skipti sem færi gefst.

Endurtökum og nýtum hlutbundið efni úr daglegu lífi s.s. þegar við eldum eða bökum.

Dæmi: grömm, kíló, tonn, sentimeter, meter, kílómeter, desílíter, líter, rúmmetri, sekúndur, mínútur, klukkustundir o.fl.



Lesum mælieiningar í hvert skipti sem færi gefst.

Tölum um magn og spjöllum um breytingar á magni.


Dæmi: helmingur, fjórðungur, tvöfalt, margfalt o.s.frv.



Notum sértæk orð til þess að tala um magn og berum saman hluti úr daglegu lífi.

Til dæmis:

- Stærri / minni
- Eldri / yngri
- Lengri / styttri
- Sterkari / veikari
- Þyngri / léttari
- Breiðari / mjórri
- Fyrr / síðar
-



Spjall og samtöl, á öllum tungumálum barnsins, eru öflug leið til þess að þjálf hugtakaskilning